

Nd.

124. Breytingartillögur

við frv. til laga um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 3. gr. Fyrri málsgr. skal orða svo:

Nú hagar þannig til, að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofangreind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd veitir til þess samþykki sitt. Ef ástæður breytast, getur þó bæjarstjórn eða hreppsnefnd hvenær sem er fellt leyfið aftur úr gildi eða takmarkað svæði það, er áður var leyfð í efnistaka. Nú þykir landeiganda rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun bæjarstjórnar eða hreppsnefndar til ráðherra, og úrskurðar hann þá málið, að fengnum tillögum vitamálastjóra, enda er sá úrskurður fullnaðarúrskurður.

2. Á eftir 3. gr. kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:

Vitamálastjóri gerir skrá um þau landsvæði innan kaupstaða og kauptúna, þar sem sérstök hættu getur stafað af efnisnámi. Á slíkum svæðum er óheimilt að leyfa nokkurt slíkt jarðrask, enda sé tilkynning um það send bæjarstjórn þeirri eða hreppsnefnd, sem í hlut á.